GELMOTTUR
Fersk flutningsleið
Til að viðhalda kælingu ferskra matvæla meðan á flutningi stendur

Minni flutningskostnaður
Einfaldar í notkun
Mikil varmarými
Engin aukaefni
ísgel
EFSTUBRAUT 2 Blönduósi Sími 451 2727
www.isgel.is isgel@isgel.is
Veljum íslenskt

4. NÓVEMBER 2014

ALDAN

FRÉTTABLAÐ UM SJÁVARÚTVEG

2. tölublað
1. árgangur

Þorlákshöfn er afar vænlegur kostur fyrir iðnaðarstarfsemi og Evrópusamgöngur

Þorlákshöfn er á suð-vesturströnd Íslands. Þar er eina höfn Suðurlands allt austur að Hornafirði. Frá höfninni eru góðar og greiðfærar samgöngur til allra átta, aðeins 40 km til Reykjavíkur og ekki nema u.þ.b. 85 km í Flugstöð Leifs Eiríkssonar eftir nýjum Suðurstrandarveginum. Höfnin liggur vel við góðum fiskimiðum og í landi eru fjölmörg fyrirtæki til að vinna úr aflanum. Fiskmarkaður er á staðnum og fullkomin frystigeymsla og tollvöruhús, Kuldaboli, er staðsett við höfnina.

Í Þorlákshöfn eru fjölmörg fyrirtæki sem bjóða fjölhæfa þjónustu fyrir fiski- og flutningaskip t.d. olíuverslun, flutningar, alhliða viðgerðarþjónustur, köfun, netaviðgerðir og lifrabræðsla. Þar er einnig öll helsta þjónusta sem nauðsynleg er í nútímasamfélagi; banki, matvöruverslun, bakarí, kaffihús, veitingastaðir, heilsugæsla, lyfjaverslun, frábært íþróttahús, líkamsræktarstöð og sundlaug.

Frystigeymslan Kuldaboli.

Fyrirhuguð stækkun hafnarinnar

Fyrirhuguð er stækkun hafnarinnar, ný uppfylling og öldudempandi flái. Fjarlægja á steinbryggju og skipuleggja iðnaðarsvæði. Höfnin hefur verið í mikilli uppbyggingu síðustu ár og framtíðaráform eru um enn meiri stækkun sem gæti þjónustað Evrópusamgöngur - en stórskipahöfn í Þorlákshöfn styttir siglingatíma til helstu borga í Evrópu töluvert miðað við siglingu til og frá Reykjavík. Mikið framboð er af hentugu landrými til ýmiss konar starfsemi og er staðsetningin mjög heppileg út frá helstu skilyrðum sem fjárfestar setja um staðarval fyrir iðnað og framleiðslu. Fyrir liggur skipulag á tæplega 540 hektara iðnaðarsvæði í nágrenni Þorlákshafnar. Samgöngur við svæðið eru góðar og stutt í virkjanir og því er flutningskostnaður orku í lágmarki. Það auk stórskipahafnar hefur verulegt aðdráttarafl fyrir erlend fyrirtæki sem sýnt hafa áhuga á að reka starfsemi á Íslandi.

Þorlákshöfn.

Hitaveitu & gasskápar
fyrir sumarbústaði og heimili
Gæði • Þjónusta • Öryggi
Hitaveituskápar
Við sérsmíðum og eigum líka hitaveitukassa á lager.
Einnig smíðum við mikið af kössum á kerrur, bíla ofl.
Fáanlegir í mörgum litum.
Gasskápar
Eigum gasskápa á lager. Læsanlegir og smíðaðir úr áli.
Láttu ekki stela af þér kútunum!
VÍK BLIKKSMIÐJA
Blikksmiðjan Vík ehf / Skemmuvegur 42, 200 Kópavogi / kt. 4309850279 / Sími: 557-1555 / blikkvik@blikkvik.is

Sérstaða SEAKEEPER
Nútíma tækni
Tekur minna pláss
Notar minna rafmagn
Einkaleyfisvarin tækni
Leiðandi á heimsvísu
Einfalt í uppsetningu og notkun
Minni mótstaða - Vinnur í lofttæmdri kúlu
Hentar þínum báti - 5 mismunandi stærðir
Hefur sannað gildi sitt á Íslandi
TÆKIÐ SEM TEMUR HAFIÐ
SEAKEEPER®
STÖÐUGLEIKABÚNAÐUR Í BÁTA OG SKIP
K-KARL ehf
Grandagarði 16
101 Reykjavík
Sími: 696 0008
info@karl.is
WWW.KARL.IS

Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ásamt Halldóri Ármannssyni formanni Landssambands smábátaeigenda. Sókn sjávarbyggða byggir ekki síst á aukinni smábátaútgerð allt í kringum landið.

Stofna á byggðarannsóknarsjóð

- kemur framtíðin? Koma konurnar?

Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og ráðherra byggðamála ávarpaði Byggðaráðstefnu Íslands 2014 sem haldin var á Patreksfirði í síðasta mánuði. Yfirskrift ráðstefnunnar var; Sókn sjávarbyggða. Kemur framtíðin? Koma konurnar? Flutt voru mörg áhugaverð erindi bæði af erlendum og íslenskum fyrirlesurum og í kjölfarið sköpuðust góðar og málefnalegar umræður.

Á ráðstefnunni kynnti Sigurður Ingi sérstakan byggðarannsóknasjóð sem verður settur á laggirnar. Sjóðurinn mun hafa til ráðstöfunar allt að 10 milljónum króna á ári, næstu þrjú árin að minnsta kosti. Það er ljóst að það vantar gögn og fræðilegan grunn til að byggja á og erfiðlega hefur gengið að fjármagna byggðarannsóknir í gegnum samkeppnissjóðina sem til staðar eru. Vonast er til þess að öflugir rannsóknaraðilar sæki í sjóðinn og að komandi rannsóknir verði mikilsverður grunnur við mótun byggðastefnu. Eðlilega horfðu þátttakendur á ráðstefnunni til þeirra auknu möguleika sem hafa verið að skapast sjávarútvegi og þróun byggðar í kringum hann, ekki síst í laxeldi. Að ráðstefnunni stóðu Byggðastofnun, Fjórðungssamband Vestfirðinga, Háskólasetur Vestfjarða og Vesturbyggð.

Tveir bátar frá Flateyri fórust með dags millibili árið 1964

Í október mánuði árið 1964 fórust tveir bátar, Mummi ÍS-366 og Sæfell SH-210 frá Flateyri með tveggja daga og með þeim 7 menn, flestir ungir strákar. Mummi ÍS var smíðaður í Keflavík árið 1946 var hann mældur 54 tonn. Á bátnum var 6 manna áhöfn og fórust 4 þeirra en tveimur mönnum var bjargað við illann leik efir um 30 klukkustunda hrakkninga í stósjó og vosbúð.

Snæfell SH var smíðað í Vestur Þýskalandi árið 1959 og var mældur 74 tonn. Báturinn var að koma úr skveringu á Akureyri þar sem settur hafði verið nýr hvalbakur og fleirri endurbætur gerðar á bátnum og var hann á leið til heimahafnar sinnar, Flateyrar. Með bátnum fórst áhöfnin, 3 menn, allir ungir að árum.

Syðsti oddi Flateyrar 2014. Flestir voru íbúar Flateyrar um 550 á seinni hluti síðustu aldar en þeim hefur verulega fækkað.

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi:

Jens Garðar Helgason kosinn formaður

Stofnfundur Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi fór fram föstudaginn 31. október sl. Ræðumenn úr ólíkum greinum útvegarins vörpuðu ljósi á breiða skírskotun greinarinnar og mikilvægi hennar fyrir atvinnulíf og samfélag undir yfirskriftinni: „Samkeppnisfærni fyrirtækja í sjávarútvegi. " Fundarstjóri var Erla Ósk Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Codland. Meðal ræðumanna var Birna Einarsdóttir, forstjóri Íslandsbanka sem nefndi erindi sitt „Allir á árarnar" og Björgólfur Guðmundsson formaður Samtaka atvinnulífsins sem ræddi um tækifæri í sjávarútvegi. Áður höfðu farið fram aðalfundir LÍÚ og SF þar sem samþykkt var samruni þessara félaga í hin nýju samtök, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, SFS.

Adolf Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gullbergs ehf. á Seyðisfirði, hafði tilkynnt stjórn LÍÚ að hann gæfi ekki kost á sér til áframhaldandi

Birna Einarsdóttir, forstjóri Íslandsbanka á sýningarbás bankans á Íslensku sjávarútvegssýningunni í haust. Sérstakt sjávarútvegsteymi er starfandi innan fyrirtækjasviðs bankans. Teymið samanstendur af fjölbreyttum hópi úr ýmsum deildum bankans. Teymið er ábyrgt fyrir samskiptum og þjónusstu við innlend og erlend sjávarútvegsfyrirtæki, ásamt útgáfu greininga og skýrslna.

Kolbeinn Árnason verður framkvæmdastjóri hinna nýju samtaka í sjávarútvegi. Hann var áður framkvæmdastjóri LÍÚ.

formennsku í sambandinu. Adolf hefur verið formaður stjórnar LÍÚ frá árinu 2008, eða í sex ár. Á stofnfundi SFS var Jens Garðar Helgason, formaður Fiskimiða á Eskifirði kosinn formaður. Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegsráðherra ávarpaði fundinn og sagði m.a. ; „Í sameiningu ættum við að vinna að ímynd íslensks sjávarútvegs. Eitt af þeim atriðum sem veruleg áhrif getur haft á stöðu okkar og ímynd á alþjóðavettvangi er afstaða og framlag til umhverfisverndar. Hér gætum við kannski gert betur. Valhæfni veiðafæra eykst og þekking okkar á þeim einnig. Öflug íslensk tæknifyrirtæki hafa þróað lausnir sem bæði eru hagkvæmar umhverfi og fyrirtækjum. Hér er vel að verki staðið."

Byggðakvóta úthlutað til 48 byggðarlaga

- alls fá 8 byggðarlög aðeins 15 tonna kvóta

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, hefur úthlutað 6.141 þorskígildistonna byggðakvóta fiskveiðiársins 2014/2015, samkvæmt 10. gr. laga nr. 116/2006, með síðari breytingum og samkvæmt reglugerð ráðuneytisins nr. 651 frá 4. júlí 2014. Alls er byggðakvóta úthlutað til 31 sveitarfélags og í þeim fengu 48 byggðarlög úthlutun. Úthlutun byggðakvótans byggir á upplýsingum frá Fiskistofu um samdrátt í botnfiskafla, botnfiskaflamarki og vinnslu botnfisks annars vegar og samdrætti í rækju- og skelvinnslu hins vegar frá fiskveiðiárinu 2004/2005 til fiskveiðiársins 2013/2014.

Ólafsfjörður er eitt byggðarlaganna sem fær hámarksúthlutun, 300 tonn.

Hámarksúthlutun til byggðarlags er 300 þorskígildistonn og fá sex byggðarlög það hámark. Það eru Grundarfjörður, Flateyri, Skagaströnd, Ólafsfjörður, Árskógssandur og Vopnafjörður. Lágmarksúthlutun er 15 þorskígildistonn, eigi byggðarlag á annað borð rétt til úthlutunar, og fá átta byggðarlög þá úthlutun. Það er auðvitað bara eins og upp í nös á ketti. Þetta eru Stokkseyri, Þorlákshöfn, Brjánslækur, Norðurfjörður á Ströndum, Hvammstangi, Hauganes í Eyjafirði, Mjóifjörður og Höfn í Hornafirði.

AG Seafood og Stolt Sea Farm í samstarf

- samningurinn mun tryggja ný störf í Sandgerði

AG Seafood í Sandgerði og Stolt Sea Farm á Reykjanesi hafa skrifað undir þriggja ára samning er varðar verktöku við framleiðslu á öllum afurðum Stolt Sea Farm á Reykjanesi. AG mun annast framleiðslu og pökkun á afurðum Stolt á Reykjanesi en þar hefur Stolt komið upp fullkomnu eldi á Senegal flúru en áætluð framleiðsla á árinu 2015 er um 500 tonn. Afurðirnar eru seldar ferskar á markaði bæði vestan hafs og austan. Langmesti hluti afurðanna verður fluttur út með flugi og mun framleiðslan hefjast seint á árinu 2014.

AG Seafood sérhæfir sig að mestu við veiðar og framleiðslu á flatfisktegundum og er því reynsla félagsins mikil við meðhöndlun flatfiskafurða. Samningur félaganna mun tryggja nokkur ný störf við framleiðslu hjá AG Seafood í Sandgerði en fyrir starfa hjá félaginu um 50 manns við veiðar og vinnslu.

Fiskverkunarhús á hafnarkantinum í Sandgerði. Sandgerðingar eru greinilega listrænir.

Landsbankinn er öflugur samstarfsaðili

Það er stefna Landsbankans að vera hreyfiafl í íslensku samfélagi. Við tökum virkan þátt í uppbyggingu og nýsköpun í sjávarútvegi og erum þar traustur bakhjarl og samstarfsaðili.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

Leiðari

Eiga smærri sjávarbyggðir undir högg að sækja?

Mikill fjöldi lítilla sjávarþorpa og dreifing þeirra um landið á sér rætur í eftirsóknarverðri nálægð við fengsæl fiskimið og mikilvægi strandsiglinga í samgöngum og verslun á fyrri hluta 20. aldar. Mörg smærri byggðarlög byggðust upp í kringum vélbátaútgerð og hefðbundna fiskverkun en endimörkum vaxtar var náð með uppbyggingu umfangsmikillar skuttogaraútgerðar og afkastamikilla frystihúsa í fjölmörgum byggðarlögum á 8. áratugnum. Með núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi er annars vegar stefnt að sjálfbærri nýtingu auðlindarinnar með úthlutun aflaheimilda og hins vegar hagræðingu í sjávarútvegi með frjálsu framsali slíkra heimilda. Það hefur leitt til eflingar stórra útgerðafyrirtækja, tæknivæðingar í veiðum og vinnslu, betri starfsaðstæðna, fjölbreyttra og vel launaðra nýrra starfa í virðiskeðjunni og umtalsverðrar arðsemi sjávarútvegs. Byggðastofnun vekur m.a. athygli á þessum bláköldu staðreyndum í skýrslu til sjávarútvegsráðherra. Fækkun starfa í veiðum og vinnslu, landfræðileg samþjöppun vinnslunnar og sá óstöðugleiki sem stafar af frjálsu framsali veiðiheimilda hefur jafnframt dregið mjög úr byggðafestu margra sjávarbyggða. Missir staðbundinna aflaheimilda og samdráttur í fiskvinnslu hefur haft því alvarlegri afleiðingar sem slíkar breytingar eru meiri og gerast hraðar, hlutdeild sjávarútvegs í atvinnulífinu er stærri og fjarlægð frá öðrum atvinnusvæðum meiri. Jafnframt felur frjálst framsal aflaheimilda í sér óvissu um framtíðina fyrir allar sjávarbyggðir, óháð því hvort þær hafa hagnast eða tapað á fyrri tilfærslum . Hagræðing í sjávarútvegi hefur þannig aukið á þann vanda sem almennt steðjar að fámennum byggðarlögum vegna hækkandi menntunarstigs og sérhæfingar á vinnumarkaði og aukinnar kröfu um þjónustu og fjölbreyttari möguleika á ýmsum sviðum.

Núgildandi lög um stjórn fiskveiða gera ráð fyrir margvíslegum mótvægisaðgerðum sem draga eiga úr neikvæðum samfélagsáhrifum af frjálsu framsali aflaheimilda. Þannig er krókaaflamarki og línuívilnun ætlað að stuðla að fjölbreytni í útgerð, viðhaldi ákveðinnar verkþekkingar og sköpun starfa í sjávarbyggðum. Þá skapa strandveiðar tímabundna atvinnu og hleypa lífi í sjávarbyggðir að sumarlagi, auk þess að uppfylla að einhverju leyti kröfur um aðgang allrar þjóðarinnar að hinni sameiginlegu auðlind. Slíkar ráðstafanir hafa þó óveruleg áhrif á byggðafestu sjávarbyggða til lengri tíma litið. Markvissar byggðaaðgerðir innan fiskveiðistjórnunarkerfisins felast helst í úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa vegna sjávarbyggða sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Slíkar úthlutanir hafa skilað ákveðnum árangri en eru þó verulegum annmörkum háðar. Í fyrsta lagi er hér um að ræða tiltölulega litlar aflaheimildir sem dreifast mjög víða og skipta því sjaldan sköpum fyrir viðkomandi byggðarlög. Í öðru lagi er þeim úthlutað til eins árs í senn sem eykur enn á óvissu sjávarbyggða. Í þriðja lagi er þeim ætlað að styrkja þau byggðarlög sem veikast standa hverju sinni. Það stuðlar fyrst og fremst að því að hnignun sjávarbyggða verði á svipuðum hraða en hjálpar hvorki atvinnusvæðum í heild né styrkir þær byggðir sem mesta möguleika hafa á því að snúa vörn í sókn. Nýlega var haldin marktæk ráðstefna á Sjávarútvegsdaginn þar sem fjallað var um batnandi hag útgerðar og fiskvinnslu, bjartsýni í greininni, góður markaðshorfur í sölu afurða og með batnandi gæðum á fiskafurðum fylgja hærri verð á íslenskum fiskafurðum á erlendum mörkuðum. Í lok þessarar viku verða stofnuð ný samtök í sjávarútvegi og samtökunum kosinn formaður. Þar á að ræða um framtíð íslensks sjávarútvegs á breiðum grunni en m.a. eru bornar vonir til að ný samtök efli og bæti ímynd íslenskrar sjávarútvegsforystu á erlendri grund. Vonandi verða niðurstöður þeirra umræðna jákvæðar og framtíðin þá vonandi í takt við það. Nýrra samtaka bíður m.a. að gera kjarasamninga við sjómenn sem ekki hafa verið gerðir um langt skeið. Borið er við að óvissan um veiðigjald eigi þar stærstan hlut að máli, en ef sjávarútvegsráðherra leggur fljótlega fram lagafrumvarp þess efni á Alþingi kann að skapast grundvöllur til kjarasamninga í kjölfarið. Sjómenn, sem og þjóðin öll, á það skilið eftir efnahagshremmingar síðustu ára.

Geir A. Guðsteinsson
ritstjóri

ALDAN FRÉTTABLAÐ UM SJÁVARÚTVEG
2. TBL. 1. ÁRGANGUR 2014

ÚTEFANDI: Fótspor ehf., Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Ámundi Ámundason, **AUGLÝSINGASTJÓRI:** Ámundi Ámundason sími 824-2466, netfang: amundi@fotspor.is. **AUGLÝSINGAR:** Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is. **RITSTJÓRI:** Geir A. Guðsteinsson, sími: 840-9555 & netfang: geirgudsteinsson@simnet.is. **Umbrot:** Prentsnið, **Prentun:** Landsprent, 35.000 eintök. **Dreifing:** Landsprent.

BLAÐINU ER DREIFT Í 35.000 EINTÖKUM MEÐ MORGUNBLAÐINU OG LIGGUR FRAMMI ÚTVÖLDUM STÖÐUM

Ásafl í Hafnarfirði býður faglega ráðgjöf og góða þjónustu á vélum og búnaði

- hagkvæmni útgerðarinnar haft að leiðarljósi

Fyrirtækið Ásafl við Hjallahraun í Hafnarfirði var stofnað árið 2007 sem innflutnings- og þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í innflutningi á vélum og búnaði fyrir báta og skip. Ásafl er með umboð fyrir mörg þekktustu vörumerki í heimi, s.s. FTP, Isuzu, Doosan, Westerbeke, Hyundai og Baudoin díselvélar, Heila- og TMP vökvakrana, ZF og Bravo gíra og drif og fjölbreytt úrval af öðrum búnaði og tækjum eins og Keypower og Wesmar bógskrúfur, efni fyrir pípulagnir um borð í skip, lensidælur og hráolíusíur. Fyrirtækið þjónustar einnig byggingaiðnaðinn og verktaka með innflutningi á vélum og rekstrarvörum. Þeir Helgi Axel Svavarsson framkvæmdastjóri og Jóhann Ólafur Ársælsson hluthafi sem hefur þjónað sjávarútveginum í hálfa öld segja að Ásafl kappkosti að veita viðskiptavinum vandaða og góða þjónustu en fyrirtækið er einnig með þjónustuaðila hringinn í kringum landið sem sjá um að þjónusta viðskiptavini. Liður í því að vera með góðan varahlutalager. Ört vaxandi viðskiptavinahópur eru smábátaeigendur sem eru eða hyggja á strandveiðar og aðra útgerð og þurfa að laga báta sína að breyttum aðstæðum.

Starfsmenn Ásafls, f.v. Helgi Axel Svavarsson framkvæmdastjóri, Sigurður Óskarsson fjármála- og innkaupastjóri, Jóhann Ólafur Ársælsson vélfræðingur og einn hluthafa, Sigurgeir Sigurðsson þjónustustjóri og Guðmundur G. Kristinsson sölu- og markaðsstjóri.

„Við aðstoðum m.a. við val á vélbúnaði í smærri og stærri báta, ásamt ráðgjöf varðandi drifbúnað og ljósavélar. Þetta er þolinmæðisvinna, en við vöndum hvert verkefni, veitum faglega ráðgjöf, enda getur það verið viss vandi að selja vél í bát, hún má ekki vera of stór en heldur ekki of lítil, olían kostar sitt. Þannig höfum við hagkvæmni útgerðarinnar að leiðarljósi. Okkar viðskipavinir eru ekki bara hérlendis, við erum í viðskiptum í Norður-Noregi, m.a. í tengslum við olíuiðnaðinn. Við seljum utanborðsvélar í sportbáta en það hefur farið vaxandi að undanförnu með bættum efnahag en við erum að komast upp úr þeim öldudal sem við höfum verið í og það er trú okkar að þá leyfa fleiri sér meira í fjárfestingum, m.a. sér til gamans. Við Íslendingar erum eylendingar og verðum alltaf í útgerð, einnig að fara á sjó okkur til gamans," segja þeir Helgi Axel og Jóhann Ólafur.



Mitsubishi ARG 250.

Stöðugleikabúnaður í báta

Ásafl hefur verið að stækka, viðskiptin að aukast en þeir Helgi Axel og Jóhann Ólafur segjast hafa það að leiðarljósi að sígandi lukka sé best. Mikil vinna hefur verið framkvæmd á síðustu mánuðum varðandi bætta aðstöðu fyrir starfsmenn og viðskiptavini. Nýtt skrifstofu og sýningarrýmirými var nýlega tekið í notkun, og verið er að klæða húsið að utan og lagfæra lóð.

Það nýjasta sem Ásafl býður sínum viðskiptavinum er stöðugleikabúnaður í báta. Hann er auðveldur í niðursetningu, viðhald er lítið og hann virkar vel hvort sem er á siglingu eða þegar báturinn er stopp. Það er Gyrobúnaður frá Mitsubishi, ARG, sem gerir bátinn stöðugan, engar dælur, leiðslur eða tölvustýringar. Markmiðið hjá Mitsubishi í hönnuninni var að þróa vöru sem er virk og áreiðanleg og gæti dregið úr veltingi. Í allri hönnun á ARG var gert ráð fyrir þægilegri niðursetningu, einfaldleika í meðhöndlun og áreiðanleika í notkun. Kosturinn við að vera með ARG stöðugleikabúnað um borð eru margþættir, s.s. að áhöfninni líður betur við störf eða leik, eldneytissparnaður, lítið viðhald, fjölmargir möguleikar á staðsetningu og búnaðurinn er auðveldur í notkun. Erlendir bátaframleiðendur bjóða búnað sem þennan sem staðalbúnað í stærri og betri bátum, hver vill ekki stöðugleika. Sérfræðingur frá Mitsubishi verður hjá Ásafli dagana 6. og 7. nóvember nk.

Austurbrú:

Ál og fiskur

Austurbrú er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var 8. maí 2012 á grunni Þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands og annast auk þess daglegan rekstur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi. Yfir 30 stofnaðilar eru að Austurbrú, þar á meðal eru öll sveitarfélögin á Austurlandi, allir háskólar landsins, helstu fagstofnanir, stéttarfélög og hagsmunasamtök atvinnulífsins, framhaldsskólar og þekkingarsetur á Austurlandi. Þeir lögaðilar sem hafa starfsstöð eða lögheimili á Austurlandi og gera þjónustu- eða samstarfssamninga við Austurbrú verða hagsmunaðailar. Fulltrúaráð Austurbrúar er skipað fulltrúum stofnaðila og skráðra hagsmunaaðila.

Markmið Austurbrúar er að vinna að hagmunamálum búa á Austurlandi og veitir Austurbrú samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Stofnunin er í forsvari fyrir þróun: samfélags, atvinnulífs, háskólanáms, símenntunar, rannsókna og menningarstarfs á Austurlandi. Austurbrú er fyrsta stofnun sinnar tegundar á Íslandi. Markmiðið með henni er að einfalda stjórnsýslu, vera vettvangur fyrir samstarf og samþættingu og vinna metnaðarfullt starf, íbúum Austurlands til hagsbóta.

Tengja allt atvinnulíf á Austurlandi

Jón Björn Hákonarson á Neskaupstað er formaður stjórnar Austurbrúar. Hann segir að nú sé m.a. verið að vinna að þróunarverkefni sem nefnist „Ál og fiskur„og tilgangur með því er að tengjast enn betur saman allt atvinnulíf á Austurlandi, bæði störf til sjós og lands, iðnað, verslun fiskverkun og sjómennsku. Jón Björn segir að mikill hugur sé í stjórn Austurbrúar sem og fleirum að þetta verkefni verði atvinnulífinu á Austurlandi til framdráttar, ekki bara í nútið heldur til langframa.

Jón Björn Hákonarson, forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar og þjónustufulltrúi hjá Vátryggingafélagi Íslands, er formaður stjórnar Austurbrúar.



Vökvakerfislausnir farartækja **einnig búnaður** fyrir skip

Stjórnbúnaður skipa. Tæknibúnaður sem ætlaður er til notkunar á sjó mætir erfiðustu hugsanlegu skilyrðum. Álag óblíðrar náttúru, miklar hitabreytingar og stöðugur ágangur af söltum sjó, eykur þörf viðskiptavina fyrir áreiðanlegan og skilvirkan búnað.

Danfoss hefur háþróaðan gæða vökvabúnað og kerfissérþekkingu til að mæta kröfuhörðum viðskiptavinum um allan heim.
Vörulína Danfoss inniheldur m.a.:

- Háþróaða PVG álagsstýrða proportional stjórnloka og HIC/patronuloka.
- Öflugar H1 stimpildælur og mótorar fyrir aukinn áreiðanleika og nýtni
- Þýðgengar Series 45 stimpildælur fyrir opin kerfi
- Hágæða vökvamótorar á færibönd og spil
- State-of-the-art PLUS+1™ stjórnbúnaður, örtölvur og hugbúnaður.

Með Danfoss búnaði nærð þú stjórninni um borð.

Danfoss hf. Skútuvogi 6, 104 Reykjavík, Sími: 510 4100**, www.danfoss.is**

PLUS+1™ | +1 COMPLIANT

ENGINEERING TOMORROW

Danfoss

Baráttan fyrir útfærslu landhelginnar átti sér margar sérkennilegar hliðar

Árið 1954, fyrir 60 árum, stóðu Íslendingar í landhelgisdeilu við Breta en 1952 var landhelgin færð úr 3 sjómílum í 4 sjómílur. Í kjölfarið settu Bretar löndunarbann á íslenskan fisk og stærsti útflutningsmarkaður Íslendinga lokaðist og landið var í vissri efnahagskreppu. Bretar hafa aldrei verið okkur Íslendingum vinsamlegir nema það henti þeim sjálfum. Saga útfærslu landhelginnar allt í 200 sjómílur sannar það. Í staðinn leituðu íslenskir ráðamenn austur eftir nýjum mörkuðum og Sovétríkin féllust á að kaupa um þriðjung af útflutningsvörum landsins gegnum vöruskiptasamning. Bandaríkjastjórn leist ekkert á blikuna. Á þjóðaröryggisfundi vestanhafs var rætt um málið. Á fundinum lagði Dwight D. Eisenhower Bandaríkjaforseti fram þá skrýtnu tillögu að Bandaríkjamenn keyptu allan fiskútflutning Íslendinga og gæfu hann til sem þróunaraðstoð til þeirra landa sem voru þeim hliðholl. Eisenhower forseti þekkti til aðstæðna á Íslandi. Hann hafði heimsótt landið árið 1951 sem hershöfðingi og yfirmaður Evrópudeildar Norður-Atlantshafsbandalagsins, rætt við íslenska ráðamenn, m.a. Bjarna Benediktsson, um varnarsamstarf landanna tveggja og leitað samþykkis fyrir viðveru bandarískra hermanna á Íslandi. En nú var Eisenhower orðinn forseti Bandaríkjanna og Íslendingar reyndust erfiðir. Íslenskir sósíalistar höfðu mikið fylgi og voru sterkir innan verkalýðshreyfingarinnar. Ásamt öðrum flokkum spiluðu þeir á þjóðerniskennd landsmanna og ólu á andúð þeirra á herstöðinni.

Dwight D. Eisenhower kemur í heimsókn til Íslands 1951, þá sem yfirmaður Evrópudeildar Norður-Atlantshafsbandalagsins. Bjarni Benediktsson utanríkisráðherra tók á móti honum.

Íslenskir ráðamenn voru einnig á þessum tíma sífellt að blanda saman varnarmálum og efnahagsmálum. Gríðarlegur hagvöxtur stríðsáranna og sérlega rausnarleg Marshall-aðstoð á árunum eftir stríð var greinilega ekki nóg fyrir þessa 150 þúsund nýsjálfstæðu eyjarskeggja. Þeir vildu meira — niðurgreidd lán, fjárfestingu, aðgang að erlendum mörkuðum fyrir fiskinn — annars væri áframhaldandi viðvera herstöðvarinnar í hættu og jafnvel varnarsamstarfið sjálft. Eisenhower hlustaði á aðstoðarmann sinn skýra frá þessu og spurði síðan um fiskútflutning Íslendinga. Aðstoðarmaðurinn svaraði að útflutningsverðmæti íslensks fisks væri um 45 milljón bandaríkjadalir á ári — smápeningar í stóra samhenginu. Í kjölfarið lagði forsetinn fram þessa furðulegu tillögu, að Bandaríkin keyptu hreinlega upp allan íslenska fiskinn og gæfu hann til bandamanna sinna sem þróunaraðstoð.

Sveitarstjórnir á Vestfjörðum vilja að rannsóknarstofu verði komið upp á Tálknafirði

- á að rannsaka þolmörk laxeldis á sunnanverðum Vestfjörðum

Fiskeldisfyrirtæki og sveitarfélög á Vestfjörðum telja brýnt að ríkið efli rannsóknir á sviði fiskeldis og eru tilbúin að leggja sitt af mörkum. Það sé forsenda þess að atvinnugreinin geti stækkað í sátt við umhverfið. Fyrirtækin sem stunda sjókvíaeldi á Vestfjörðum þrýsta öll á að fá auknar heimildir, allt suður frá Patreksfirði og norður í Ísafjarðardjúp. Forráðmenn Arnarlax á Bíldudal telja það frumskilyrði fyrir vexti og framgangi fyrirtækisins að laxeldisleyfið verði nú þegar aukið úr 3.000 tonnum upp í 10.000 tonn. Vestfirskir firðir eru hins vegar takmörkuð auðlind og stjórnvöld virðast stíga varlega til jarðar í að veita fiskeldisfyrirtækjunum þær heimildir sem þau óska eftir. Matthías Garðarsson, aðaleigandi Arnarlax, segir að ef stjórnvöld vilji að þessi auðlind, sem laxinn er í firðinum, verði byggð upp til að skapa störf, verðmæti og útflutningstekjur, hljóti fyrirtækið að fá þessa aukningu. Því fari fjarri að fjörðurinn þoli það ekki. Fyrirtækin sem starfa á sunnanverðum Vestfjörðum hafa hetið að setja pening í þær rannsóknir til að liðka fyrir. Það sé næsta stóra mál á þessu svæði að auka orkuna sem fer í rannsóknir til þess að það sé hægt að stækka greinina skynsamlega og með hagkvæmni í huga.

Sveitarstjórnarmenn eru meðvitaðir um stöðuna og hafa bæjarstjóri Ísafjarðar, Gísli Halldór Halldórsson, og sveitarstjóri Tálknafjarðar, Indriði Indriðason, nú sameinast um yfirlýsingu þar sem hvatt er til þess að rannsóknarstofu verði komið upp á Tálknafirði, sem tengst geti útibúi Hafrannsóknarstofnunar og Háskólasetrinu á Ísafirði. Þar verði fjölgað í tíu til fimmtán starfsmenn til að stórefla fiskeldisrannsóknir. Í yfirlýsingunni segir m.a. : „Undanfarnar vikur höfum við kannað möguleika tengda uppbyggingu fiskeldis á Vestfjörðum. Það er sameiginleg sýn okkar að stoðgreinar og þjónusta tengd fiskeldi eigi að byggjast upp á Vestfjörðum. Nauðsynlegur liður í þeirri uppbyggingu er að rannsóknir á fiskeldi eigi sér stað á Vestfjörðum og teljum við í því skyni hagkvæmt að byggja upp rannsóknarstofu á Tálknafirði sem tengst gæti Hafrannsóknarstofnuninni og Háskólasetrinu í Ísafjarðarbæ. Á Tálknafirði er í dag gríðarmikil uppbygging seiðaeldisstöðva, sú mesta á landinu, og er áhugi er hjá fyrirtækjunum Fjarðarlaxi og Dýrfiski að koma að slíkri byggingu rannsóknarstofu þar. Í dag er Hafrannsóknarstofnunin eina stofnunin sem hefur viðamikla fagþekkingu á hafræði og sjávarvistfræði. Ljóst er að ef áætlanir ganga eftir um uppbyggingu fiskeldis á Vestfjörðum þarf að stórefla strandsvæðarannsóknir, því er það okkar sýn að útibú Hafrannsóknarstofnunarinnar á Ísafirði verði eflt og að starfsmönnum þar verði fjölgað í 10-15 starfsmenn, sem myndi skiljanlega renna sterkari stoðum undir starfsemina. Við teljum einnig afar mikilvægt að sá hluti Hafrannsóknarstofnunarinnar sem tengjast mun fiskeldisrannsóknum verði staðsettur hér á Vestfjörðum og að stofnunin komi að rekstri á ofangreindri rannsóknarstofu á Tálknafirði.

Nú þegar hefur verið myndaður vinnuhópur um þessa sameiginlegu framtíðarsýn og að verkinu koma fulltrúar frá eldisfyrirtækjum, Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða og Háskólasetri Vestfjarða. Háskólasetrið er jafnframt að kanna ýmsa möguleika varðandi rannsóknartengt nám og verkefni sem tengjast fiskeldi. „Nú er að sjá hvort sjávarútvegsráðuneytið og Hafrannsóknastofnunin bregast jákvætt við þessari áskorun eða skella skollaeyrum við þessari réttmætu ósk.

Svona vegakaflar, sem því miður sjást enn á sunnanverðum Vestfjörðum, eru atvinnuuppbyggingu á svæðinu til mikilla trafala, ekki síst laxeldinu.

Verðum að fá láglendisveg til að flytja afurðirnar

Laxeldisfyrirtækið Arnarlax hefur sett um 550 þúsund laxaseiði í þrjár sjókvíar í Arnarfirði, fyrstu kynslóð. Seiðin voru flutt frá seiðaseldisstöð fyrirtækisins á Gileyri í Tálknafirði, þar sem Arnarlax hefur byggt upp góða klak- og seiðaeldisstöð, yfir í sjókvíarnar sem eru við Otradal í Arnarfirði. Afkastageta seiðaeldisstöðvar Arnarlax á Gileyri í Tálknafirði er um ein milljón seiða. Reiknað er með að byrjað verði að slátra laxi upp úr kvíunum á síðari hluta árs 2015, alls um 2000 tonnum og síðan fer það vaxandi.

Að Arnarlaxi á Bíldudal standa fyrirtæki í Noregi og Danmörku, ásamt heimamönnum á Bíldudal, m.a. Matthíasi og hans fjölskyldu. Markmið fyrirtækisins er að setja upp vinnslu á Bíldudal og fullvinna hráefnið úr eldinu í neytendapakkningar til útflutnings. Sótt hefur verið um lóð fyrir vinnslu á Bíldudal og er málið í vinnslu hjá bæjarstjórn Vesturbyggðar. Gert er ráð fyrir að samkvæmt samþykktu deiliskipulagi byggt verði á landfyllingu við Banahlein sem er utan við þorpið á Bíldudal. Áætlað er að þar geti einnig tengd fyrirtæki byggt upp sína starfsemi. Matthías segir að því fari fjarri að það sé einhver framtíðarlausn að flytja allar afurðir Arnarlax með ferjunni yfir til Stykkishólms og þaðan áfram. „Við þurfum að fá láglendisveg héðan sem er fær allan ársins hring til að flytja ferskan lax með bílum til Reykjavíkur. Frystar afurðir geta farið í gám og með skipum sem þurfa þá að koma hingað til Bíldudals og flytja þá á markað í Evrópu."

Stefnt að 30.000 tonna framleiðslu á ári

„En í framtíðinni er áætlað að upp úr Arnarfirði verði tekin um 30.000 tonn af laxi á ári af þremur laxeldisfyrirtækjum og ef öll þessi framleiðsla

Matthías Garðarsson hjá Arnarlaxi á Bíldudal.

Laxeldiskvíar í Tálknafirði.

fer fersk með bílum til Reykjavíkur þýðir það það um 10 – 15 trailera á hverjum degi suður, og núverandi vegakerfi héðan suður í Gilsfjörð annar því alls ekki. Það er alveg ljóst. Hér verða sköpuð mikil verðmæti í eldislaxi á næstu árum og samgöngukerfið þarf að vera tilbúið til að þjóna þeirri atvinnugrein og þeim aukna fjölda fólks sem flytur vestur til að starfa við atvinnugreinina. Það geta verið um 300 störf sem þýðir um 1.000 íbúa, í bland langskólamenntað fólk, og þá þarf stærri skóla og íbúðabyggingar og þetta skapar öflugra og fjölbreyttara mannlíf. Í sumar hafa um 30 manns flutt til Bíldudals. Ástæðan fyrir því að við búum ekki við betra vegakerfi er kannski fyrst og fremst sú að Vestfirðingar hafa ekki talað nægilega með einni rödd. Slæmar samgöngur hafa m.a. valdið því að hér hefur orðið fólksfækkun og svo hafa atvinnutæki horfið héðan. Rækjan hvarf og svo hafa fiskvinnslufyrirtæki lagt upp laupana, m.a. vegna þess að þau hafa misst kvóta. Möguleikar Vestfjarða í dag er laxinn, firðirnir eru ónýttar auðlindir, allt frá Ísafjarðardjúpi suður til Patreksfjarðar, þó Súgandafjörður og Önundarfjörður séu kannski helst til litlir. Við bestu aðstæður getum við kannski framleitt um 200.000 þúsund tonn af laxi á ári á öllu svæðinu. Breiðafjörður er kannski besti kosturinn, en honum er lokað vegna einhverrar lækjarsprænu inni við Búðardal!," segir Matthías Garðarsson.

Erum með ýmsar gerðir af hífibúnaði á lager

Brettaklafa - Lyftarbúr - Brettagálgi

Sérsmíðum einnig eftir þörfum

TÆKNI VÉLSMIÐJA

Súðarvogi 9 - Sími 553-3599 - 104 Reykjavík
www.taeknihf.is - taeknihf@taeknihf.is

Skráning á **www.sjavarutvegsradstefnan.is**

STÆRSTI VETTVANGUR ALLRA SEM STARFA Í SJÁVARÚTVEGINUM

SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN 2014

Grand Hótel Reykjavík
20. – 21. nóvember

Fimmtudagurinn 20. nóvember

Afhending gagna 09:00

Málstofa - Gullteigur

Íslenskur sjávarútvegur

Málstofa A1 - Gullteigur

Eitt, tvö eða fleiri fiskveiðistjórnakerfi ?

Málstofa B1 - Hvammur

Uppsjávarfiskur – Þögla byltingin

Málstofa A2 - Gullteigur

Eru fjárfestingartækifæri í sjávarútvegi?

Málstofa B2 - Hvammur

Tækifæri til nýsköpunar í sjávarútvegi

Föstudagurinn 21. nóvember

Málstofa A3 - Gullteigur

Sjávarútvegur og menntun

Málstofa B3 - Hvammur

Nýsköpun í kæli- og frystitækni

Málstofa A4 - Gullteigur

Hvað er sanngjarnt auðlindagjald?

Málstofa B4 - Hvammur

Vinnsla á sjó eða vinnsla í landi?

Málstofa - Gullteigur

Markaðir til framtíðar

Hluthafafundur Sjávarútvegsráðstefnunnar klukkan 15:30

Aðal styrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2014

Íslandsbanki · TM · Samskip · Oddi · Promens · Icelandair Cargo – Því tíminn flýgur

Sjávarútvegsdagurinn 2014:

Áhugaverðum flötum velt upp í nýsköpun, markaðsmálum, rannsóknum og þróun

Mun fleiri stjórnendur telja núverandi aðstæður góðar í atvinnulífinu en að þær séu slæmar. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýjustu könnun Capacent sem gerð var fyrir Samtök atvinnulífsins og Seðlabankann og kynnt var fyrir skömmu. Vaxandi bjartsýni þykir meðal annars endurspeglast í auknum fjárfestingum sjávarútvegsfyrirtækja en á næstu tveimur árum er von á skipum fyrir um 28 milljarða króna. Með nýjum skipum fylgir aukið hagræði og minni mengun, meðal annars vegna minni olíunotkunar. Um þessa breytingar var meðal annars fjallað á Sjávarútvegsdeginum í Hörpu miðvikudaginn 8. október sl. sem var á vegum Deloitte, SF, SA og LÍU. Birtar voru áhugaverðar upplýsingar úr gagnagrunni Deloitte um sjávarútveg sem unnin er úr ársreikningum félaga sem hafa yfir að ráða hátt í 90% af úthlutuðum aflaheimildum og nær allt til aldamóta.

Málefni sjávarútvegsins voru rædd frá ýmsum hliðum. Afkoma greinarinnar 2013, þjóðhagslegt mikilvægi, nýsköpun, markaðsmál, rannsóknir og þróun og girnilegir sjávarréttir voru til umfjöllunar. Brugðið var upp svopmyndum af tveimur meistarakokkum í Washington og London þar sem þeir fjölluðu um íslenskt sjávarfang og tækifærin í hafinu um hverfis Ísland. Í upphafi flutti Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegsráðherra ávarp sem fagnaði betri afkomu í sjávarútvegi, byggingu nýrra skipa og nefndi svo veiðigjaldið sem væri í gerjun hjá sjávarútvegsráðuneytinu sem frumvarp á Alþingi, en tiltók að það mætti ekki vera svo hátt að það dragi úr fjárfestingu í greininni. en dagskráin var að öðru leiti þannig;

- Afkoma sjávarútvegsins 2013 - sjávarútvegsgagnagrunnur Deloitte - Jónas Gestur Jónasson, löggiltur endurskoðandi og meðeigandi Deloitte sem m.a. nefndi að hagnaður í sjávarútvegi á árinu 2013 hefði numið um 53 milljörðum króna en tapið nam árið 2008 um 138 milljörðum króna. Skuldir námu 341 milljarði króna.
- Konur í karlaheimi! Skiptir það máli? - Erla Björg Guðrúnardóttir, framkvæmdastjóri Marz Seafood.
- Styrk stoð í atvinnulífinu - Ólafur Garðar Halldórsson, hagfræðingur á efnahagssviði SA sem benti á að veiðigjald leggðist þyngra á aflaverðmæti frystitogara og ískfisktogara og vakti einnig athygli á því að meðalaldur skipta hérlendis væri 31 ár en 22 ár í Noregi. Hann fagnaði því að nú virtust fjárfestingar í sjávarútvegi vera að aukast.

Á SJÁVARÚTVEGSDEGINUM. Erla Björg Guðrúnardóttir ásamt Sigurði Inga Jóhannessyni sjávarútvegsráðherra og Einari Kr. Guðfinnssyni forseta Alþingis og fyrrverandi sjávarútvegsráðherra

KONURNAR Í MARZ – f.v. Áslaug Kristjánsdóttir, Snædís Sif Benediktsdóttir, Ólöf Rún Ásgeirsdóttir, Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, Sigríður Elísabet Elisdóttir.

- Þróun, aðferðir og afurðir - Ólafur Helgi Marteinsson, framkvæmdastjóri Ramma og Primex sem vakti athygli á því að fyrirtæki væru að verja meiru fjármagni í þróunarkostnað enda byggi sjávarútvegur nú við hastæðara rekstrarumhverfi.
- Mikilvægi íslensks sjávarútvegs í starfsemi Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna - Þór Ásgeirsson, aðstoðarforstöðumaður Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Marz í Stykkishólmi verslar með um 10.000 tonn af fiski á ári

Erla Björg Guðrúnardóttir, framkvæmdastjóri Marz sjávarafurða í Stykkishólmi flutti til Stykkishólms árið 1996, fór í nám, menntaskóla og háskóla og útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskólanum í Reykjavík árið 2003. Erla Björg segir að þegar hún flutti til Stykkishólms árið 2003 eftir nám hafi verið fá atvinnutækifæri á staðnum en forsvarsmenn en Sigurður Ágústsson baust til að kynna hana fyrir 1 til 2 kaupendum erlendis til að koma henni af stað í að kaupa og selja fiskafurðir á Íslandi. Fyrirtækið var stofnað að vorlagi það ár. Erla Guðrún á 50% í fyrirtækinu á móti Sigurði Ágústssyni. Marz starfar í dag við kaup og sölu á sjávarfangi, s.s. frystu, söltuðu og lagmeti og fram til ársins 2006 var eingöngu verslað með íslenskan fisk en skrifstofurnar eru í Stykkishólmi og í Álaborg í Danmörku. Hjá fyrirtækinu eru 9 starfsmenn, allt konur!

Í dag er þetta mun fjölbreyttara og meira magn eða allt að 10.000 tonn á ári. Framleiðendur eru frá Íslandi, Grænlandi, Noregi, Færeyjum, Danmörku, Bandaríkjunum, Rússlandi, Indónesíu, Póllandi og Kína og fisktegundirnar fjölmargar. Þetta eru m.a. þorskur, Kyrrahafsþorskur, ýsa, ufsi, karfi, langa, grálúða, grásleppa, gullax, makríll, síld, rækja, hrong, kavíar, Alaska ufsi, hoki og tilapía.

Erla Björg segir að Marz tryggi samningsöryggi, bæði fyrir framleiðendur og kaupendur, alltaf sé staðið við gerða samninga. „Við höldum uppi háu þjónustustigi, tryggjum hröð og jákvæð samskipti, nákvæma pappírsgerð fyrir þjónustuaðila og kaupendur og við erum alltaf tilbúnar að þróa nýjar vörur með viðskiptavinum og framleiðendur. Traust skiptir öllu máli enda eiga framleiðendur fiskinn og ráða hverjum þeir selja hann, „segir Erla Björg.

Konur er frá Marz en ekki Venus

„Marz er kvennafyrirtæki, það vinna eingöngu konur hjá félaginu. Það var ekki upphafleg stefna fyrirtækisins heldur þróuðust málin með þessum hætti. Við Marz-stelpurnar erum sterkar, vinnusamar, ábyggilegar, nákvæmar, duglegar og lífsglaðar. Ég gæti ekki rekið Marz án þeirra, þetta eru flottar konur sem ég er óendanlega stolt af! Andi og vinnubrögð Marz-stelpnanna er klárlega markaðsforskot í þessum karllæga geira. Kvennastimpillinn háir okkur ekki í viðskiptum við lönd þar sem meirihluti viðskiptavina eru karlmenn, en við virðum þann menningarheim sem við eigum viðskipti við hverju sinni, þjóðum rétta vöru á réttu verði, með réttu gæðin og afhendum á réttum tíma, það er almennt nóg fyrir hvaða markað sem er, óháð því hvort þú ert kona eða karl, “ segir Erla Björg Guðrúnardóttir.

Skuldastaða sjávarútvegsins.

Fjárfestingar í sjávarútvegi.



Framlegð eftir flokkum.

Íslenska sjávarútvegssýningin 2014:

Hampiðjan hlaut viðurkenningu sem framúrskarandi íslenskur framleiðandi veiðarfæra

Á Íslensku sjávarútvegssýningunni í Kópavogi voru veitt voru verðlaun til valinna fyrirtækja sem talið er að hafi verið framúrskarandi á sínu sviði í íslenskum sjávarútvegi. Hampiðjan, sem fagnar 80 ára afmæli um þessar mundir, var meðal verðlaunahafa sem „framúrskrandi íslenskur framleiðandi veiðarfæra í þjónustu við fiskiskipaflotann. Hampiðjan er leiðandi fyrirtæki á alþjóðavísu í framleiðslu og þjónustu hágæða veiðarfæra fyrir togveiðiskip og nótaskip á alþjóðamarkaði. Það var Hjörtur Erlendsson, framkvæmdastjóri Hampiðjunnar, sem tók við viðurkenningunni.

„Þetta er mikil viðurkenning fyrir okkur og hvatning til að halda áfram á sömu braut og gera enn betur í framtíðinni. Þetta opnar tækifæri til að eignast nýja viðskiptavini hvarvetna um heiminn, „sagði Hjörtur Erlendsson.

Haraldur Árnason og Hjörtur Erlendsson í sýningarbás Hampiðjunnar á Íslensku sjávarútvegssýningunni 2014.

Fulltrúar Polar/toghlera, þau Atli Már Jósafatsson, Birgir Þór Jósafatsson og Andrea Þormar voru að vonum ánægð með verðlaunin.

Fjöldi annarra nýjunga hlaut viðurkenningu

Meðal annara aðila sem hlutu viðurkenningu við Víðir Jónsson skipstjóri á frystogarandum Kleifarbergi sem hlaut virðurkenningu sem skipstjóri ársins; Ísfélag Vestmannaeyja sem framúrskarandi útgerð ekki síst vegna nýsmíða; HB-Grandi sem framúrskarandi fiskvinnsla; Skinney-Þinganes á Hornafirði fyrir framúrskarandi framlags til sjávarútvegs; 3X/Technology/Skaginn sem framúrskarandi íslenskur framleiðandi; Marel sem framleiðandi fiskvinnslubúnaðar; Valka sem framúrskarandi íslenskur framleiðandi fiskvinnlubúnaðar og Polar toghlerar fyrir bestu nýjungina en Polar hafa hannað og þróað nýja gerð toghlera með fjarstýranlegum vængjum sem auðvelda skipstjórnarmönnum að beina trollinu að fiskitorfum. Hlerarnir stuðla að hagkvæmari veiðum og minni orkunotkun skipa.

Víðir Jónsson, skipstjóri á Kleifarbergi frá Ólafsfirði hlaut viðurkenningu sem framúrskarndi fiskimaður. Hér tekur hann við viðurkenningunni.

Íslenska sjávarútvegssýningin 2014 sú mesta að umfangi til þessa

Íslenska sjávarútvegssýningin í Fífunni í Kópavogi var opnuð opnuð fimmtudaginn 25. september sl. viðstöddum Forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni, sjávarútvegsráðherra, Sigurði Inga Jóhannssyni og Ármanni Kr. Ólafssyni bæjarstjóra Kópavogs, auk fjölda annara gesta. Íslenska sjávarútvegssýningin var fyrst sett upp árið 1984 og er því haldin í ellefta sinn í ár. Þetta var örugglega besta sýningin sem haldin hefur verið, enda hefur hún rúmlega tvöfaldast að umfangi undanfarinn áratug. Sýningin er að beiðni sýnenda haldin á þriggja ára fresti svo þeir geti verið með nýjar vörur á boðstólum hverju sinni. Einmitt þess vegna er það fulltrúum allra sjávarútvegsfyrirtækja og skyldrar starfsemi nauðsyn að mæta á sýninguna en auk hennar voru íslensku sjávarútvegsverðlaunin afhent og ráðstefna var haldin á sama tíma.

En sjón var vissulega sögu ríkari, og því fylgja hér nokkrar myndir því til staðfestingar.

Valka er afar athyglisvert fyrirtæki. Sjávarútvegsráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson og Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi í sýningarbás fyrirtækisins, sem m.a. hlaut verðlaun á sýningunni.

Ísmar er með öfluga starfsemi.

Sýningarbás Icecom.

Ledlausnir bjóða upp á ýmsar lausnir.

Dönsk fyrirtæki voru áberandi á svæðinu, m.a. DT-Interlink sem er hluti af Vestergaard Group í Frederikshavn. Per Lyngholm fræddi gesti um starfsemina.

Vel gallaður sjómaður frá 66°N.

Þessi vél hjá Marás vakti athygli sýningargesta.

Rætt við sýningargest í bás Poulsen, kannski hafa tekist sölusamningar.

Þessi glaðlegi hópur kom frá HB-Granda og naut þess sem fyrir augu bar.

FPT bátavélar

20 - 825 hestöfl

FPT

Aflmiklar og eyðslugrannar nútíma bátavélar

2014 DIESEL OF THE YEAR

FPT Industrial
er handhafi viðurkenningarinnar "The Disel of the year 2014" og fékk sömu viðurkenningu á árinu 2008 frá hinu virta alþjóðlega tímariti Diesel.



Vandaðu valið við kaup á nýrri bátavél

Það er mikil fjárfesting að kaupa nýjan vélbúnað. Við reiknum út aflþörf, hlutföll í gír og stærð á skrúfu til að ná hámarksafli og hagkvæmustu eyðslu.

Okkar þjónustuaðilar eru hringinn í kringum landið

ÁSAFL
Hjallahrauni 2 - 220 Hafnarfjörður
Sími 562 3833 - asafl@asafl.is - www.asafl.is

Landssamband smábátasjómanna:

Heildarafli smábáta sá mesti í sögu útgerðarinnar, eða 88.260 tonn

Halldór Ármannsson formaður Landssambands smábátasjómanna sagði m.a. á aðalfundi samtakanna fyrir skemmstu að það væri umhugsunarefni hvar við stöndum nú gagnvart fiskistofnunum, nýtingu þeirra, vexti og sjálfbærni þegar kvótakerfið væri 30 ára. Botnvarpa sem að byrjað var að toga með fyrir um 30 árum síðan er enn notuð við mælingar, ákveðið mörg tog, ákveðin dagsetning og ákveðinn togtími. Öllu saman skellt í Exelinn og ýtt á enter og allar utanaðkomandi aðstæður útilokaðar. Meira að segja grásleppan sem lifir að mestu leyti sem uppsjávarfiskur er mæld með þessu sama botntrolli.

„Við stöndum frammi fyrir því að grásleppan er á válista umhverfissamtakanna WWF og er stofnmat eða áætluð ársveiði grásleppunnar hluti af válistuninni. Mælingar Hafró eru langt frá því að geta verið raunhæfar. Í mars á þessu ári var sótt um MSC vottun fyrir grásleppu sem veidd er í íslenskri lögsögu, en markaðsaðstæður og rauðlistun umhverfissamtaka gerði það að verkum að seljendur grásleppuhrogna sáu engan annan kost í stöðunni til þess að geta í raun haldið áfram að bjóða þessa vöru á almennum markaði. Grænland, eitt helsta samkeppnisland okkar í veiðum og sölu á grásleppu, sótti líka um MSC vottun fyrir grásleppuafurðir sínar. Í samtali við talsmann grænlensku veiðimannanna kom fram að mælingar þeirra á grásleppustofninum yrðu framkvæmdar af veiðimönnunum sjálfum til að hægt yrði að áætla veiðimagn og stofnstærð á komandi árum, " sagði Halldór sem vill að svipuð aðferðafræði yrði notuð hérlendis.

„Nú þegar endurskoðun á aflareglu í þorski er til skoðunar eftir fimm ára tímabil á 20% veiði úr þorskstofninum, þá mætti líta til þeirrar staðreyndar að ekki veitir af meiri upplýsingum sem koma til útreikninga á áætluðum heildarafla. Útkoman sem að við sáum í aukningu á heildarveiði milli ára var vægast sagt hálf aumkunarverð þrátt fyrir loforð frá forstjóra Hafró. Varla þarf að nefna þau vandræði sem steðja að sjómönnum vegna ýsumagns á grunnslóðinni. Bátar sem róa allt frá Breiðafirði og austur að Langanesi eru búnir að vera í stökustu vandræðum á undanförnum árum og núna á þessu hausti hefur ýsuafli aukist jafnt og þétt á grunnslóðinni fyrir Austurlandi. Þessi vandræði eru heimatilbúin vegna þess ef mælt er þar sem ýsan er ekki, þá er hún að sjálfsögðu ekki til eins og kemur fram í kokkabókum Hafró. "

Halldór Ármannsson, formaður LS, ásamt Jóhanni Sigurjónssyni, forstjóra Hafrannsóknastofnunarinnar, sem fylgdist með umræðum á aðalfundinum.

Konur voru sárafáar á fundinum. Hér fylgjast þær með skýrslu framkvæmdastjóra þær Ragnheiður Ása frá Bolungarvík, Helga frá Drangsnesi og Sigrún frá Borgarfirði eystra.

Halldór beindi orðum sínum til sjávarútvegsráðherra sem ávarpaði fundinn og spurði hvort hæstvirtur sjávarútvegsráðherra gerði sér grein fyrir þeirri mikilvægu stöðu sem að hann gegndi sem talsmaður sjávarútvegs í heild fyrir Ísland og hve miklu máli smábátar og veiðar smábáta skiptu fyrir ímynd Íslands í heild. „Við þurfum að vinna að þessum málum saman og til þess þarf vilja og samræður. Það er skylda okkar gagnvart íslensku samfélagi að skila eins góðu hráefni og hægt er hverju sinni og hámarka verðmæti hverrar tegundar fyrir sig. Það á við um allan bolfisk og líka síld og makríl. Þar eru smábátar í fremstu röð með ferskasta, verðmætasta og sjálfbærasta hráefni sem að völ er á, " sagði formaður LS.

Hvers vegna voru makrílveðar ekki framlengdar?

Örn Pálsson, framkvæmdastjóri LS varpaði m.a. í sinni skýrslu til aðalfundarins fram mörgum athyglisverðum spurningum, t.d. hvort átök væru framundan og hvort landssambandið þyrfti að honum stóra sínum til að verja betur þau réttindi sem félagsmenn hafa og að sækja fram eins og hefur verið einkenni félagsins frá stofnun þess 5. desember 1985. Það gæti farið svo. Ennfremur spurði framkvæmdastjórinn;

- Hvers vegna var verið að breyta lögum um stjórn fiskveiða í skjóli nætur rétt fyrir þinglok í byrjun sumars – sérstaklega sú umgjörð sem verið hefur kringum „pottana"?
- Hvers vegna var gjald fyrir síldveiðar hækkað og það sett í lög að óheimiltværi að úthluta meiru en 800 tonnum til netaveiða á síld?
- Hvers vegna lá svo á að afnema ríkisleigu á skötusel?
- Hvers vegna var fastur afsláttur af sérstöku veiðigjaldi lækkaður um helming?
- Hvers vegna ákvað sjávarútvegsráðherra að skerða afla til línuívilnunar í ýsu og steinbít?

Aflaverðmæti smábáta var 24 milljarðar króna og útflutningsverðmæti 49 milljarðar króna. Smábátar veiddu 34% af allri ýsu hér við land á síðasta fiskveiðiári, 24% af öllum þorski og 53% af steinbítnum. Ferskur þoskur sem hlutdeild í verðmætum heildarútflutnings þorsks var á síðasta ári 35%, en var aðeins 19% fyrir 10 árum. Ónýttar heimildir í makríl á síðustu vertíð hefðu gefið 1,6 milljarða króna í útflutningsverðmæti.

- Hvers vegna var ekki rýmkað fyrir strandveiðum á sl. sumri?
- Hvers vegna voru makrílveiðar ekki framlengdar til 1. október?
- Hvers vegna var rýmkað fyrir stærri skipum að stunda togveiðar að 3 sjómílum?

„Öll þessi atriði eiga það sameiginlegt að draga úr vexti smábátaútgerðarinnar. Þau rýra veiðirétt og gera mönnum almennt erfiðara fyrir með því að stunda atvinnu sína. Það ríður á að félagsmenn standi saman þegar væntanlegt frumvarp sjávarútvegsráherra lítur dagsins ljós. Samstaðan er okkar styrkur. Í engu tilvika verður fallist á að hlutur ykkar verði skertur. Sókn hefur verið okkar aðalsmerki og verður það áfram. Þjóðin veit að vöxtur smábátaútgerðarinnar hefur skilað henni margvíslegum ávinningi. Þar nefni ég sem dæmi framboð á ferskum fiski – framboð frá dagróðrabátum hefur vaxið jafnt og þétt. ölufyrirtæki hafa fundið markaði fyrir hann og náð að selja á góðum verðum. Það er mín skoðun að þessi markaður á aðeins eftir að stækka og er brýnt að við vöndum okkur hvað varðar gæði og aflameðferð, ekkert fari frá okkur nema úrvalsvara. Fyrir 10 árum 2004 fluttum við út 124 þúsund tonn af þorskafurðum, í fyrra var magnið um 121 þúsund tonn. Verðmæti fersks þorsks var þá 35% af heildarverðmætinu en var aðeins 19% fyrir áratug. Í byrjun þessa tímabils skilaði 17% magnsins 19% hlut af heildarverðmætunum. Nú 10 árum síðar hefur dregið verulega í sundur þar sem 24% magnsins svarar til 35% af heildarverðmætinu.

Farið úr 12% í 46% eða á manna máli, fyrir hver 30 þúsund tonn af ferskum þorskafuðurm þyrfti að flytja út 44 þúsund. tonn verkað með öðrum hætti til að ná sama verðmæti. Þessi þróun hefði ekki getað orðið án sterkrar smábátaútgerðar. Þannig er hægt að mæla með beinum hætti hversu mikill þjóðhagslegur ávinningur það er að eiga öfluga smábátaútgerð, " sagði Örn.

Framhald á bls. 12.



AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi auglýsir eftir umsóknum

AVS rannsóknasjóður hefur að markmiði að styrkja verkefni, sem stuðla að auknu verðmæti íslensks sjávarfangs og styrkja samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs og fiskeldis. Sjóðurinn auglýsir nú eftir umsóknum í verkefni með þetta að markmiði. Skilafrestur umsókna er til kl. 17, 1. des. 2014. Umsóknum ber að skila rafrænt á netfangið avs@byggdastofnun.is og bréflega á póstfangið Byggðastofnun v/AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi, Ártorgi 1, 550 Sauðárkrókur

Styrkir sem sjóðurinn veitir falla undir þrjá flokka:

a. Styrkir til rannsókna- og þróunarverkefna
Styrkir til afmarkaðra rannsókna- og/eða þróunarverkefna, sem falla að markmiðum sjóðsins. Veittur er styrkur til eins árs í senn og skal í umsókn gera grein fyrir verkþáttum og fjármögnun. Hver styrkur getur numið allt að átta milljónum króna.
Hægt er að sækja um styrki til umfangsmeiri verkefna (framhaldsverkefna), sem unnin eru á lengri tíma, eða allt að þremur árum, en sækja þarf um styrk á hverju ári. Hafi verkefnið áður verið styrkt, þarf að gera grein fyrir framvindu þess áður en styrkumsókn er afgreidd.

b. Smá- eða forverkefni
Hægt er að sækja um styrki til smærri verkefna eða til að undirbúa stærri verkefni á sviði rannsókna og/eða þróunar. Styrkupphæð er allt að einni milljón króna og skal verkefnið unnið innan tólf mánaða.

c. Atvinnuþróun og nýsköpun í sjávarbyggðum
Veittir eru styrkir til verkefna, sem stuðla að nýjum störfum og aukinni verðmætasköpun í sjávarbyggðum. Horft er til ýmissa verkefna, sem geta tengst t.d. framboði á sjávarfangi, ferðaþjónustu, nýjum vörum eða þjónustu. Hámarkstími verkefna er 12 mánuðir og hámarksupphæð styrkja er þrjár milljónir króna.

Um alla styrki gildir að framlag sjóðsins má ekki fara fram yfir 50% af heildarkostnaði og sjóðurinn tekur ekki þátt í að styrkja fjárfestingar.

Nánari upplýsingar og umsóknarblað er að finna á heimasíðu sjóðsins www.avs.is.

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi starfar á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi · Ártorgi 1 · 550 Sauðárkrókur · sími 455 5400 · www.avs.is

SJÁVARÚTVEGUR
UNDIRSTAÐA VELFERÐAR

VIGNIR G. JÓNSSON HF

oddi HF

Góa Stofnað 1968

B&B & synir

HB GRANDI

HP GÁMAR HÓPSNES

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports

Síldarvinnslan hf

FISKKAUP HF
Jón Ásbjörnsson hf.

Sveitarfélagið Garður

REYKJANESHÖFN

Snæfellsbær

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

PROMENS
www.promens.com/dalvik

Þorlákshafnarhöfn

TGT hús ehf.
Akureyri

Sjómannafélag Eyjafjarðar

BRIM SEAFOOD

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

Fiskmarkaður Þórshafnar ehf.

HÉÐINN

Skinney - Þinganes hf

Breiðdalshreppur

Fjarðabyggð

KÓPAVOGSHÖFN

Súðavíkurhreppur

Tálknafjarðarhreppur

ARNARLAX

LÍFEYRISSJÓÐUR VESTFIRÐINGA

ORKUBÚ VESTFJARÐA

Þessir bátar frá Seiglu voru á Íslensku sjávarútvegssýningunni í haust. Sá minni heitir Blossi og dregur björg í bú á Flateyri en sá stærri, Óli á Stað, er gerður út frá Grindavík.

Seigla á Akureyri hefur smíðað um 100 plastbáta

Seigla ehf. á Akureyri var formlega stofnuð árið 1991 þegar Sverrir Bergsson og Sigurjón Ragnarsson tóku yfir vélarverstæði Þórirs Alberts Kritsinssonar. Eftir að hafa unnið með ýmsa þætti báta eins og vélar og stöðuleika og prófað ýmsar breytingar á bátum var ákvörðun tekin um að smíða bát frá grunni. Hugmyndin hafði legið í loftinu frá árinu 1994 en það var ekki fyrr en í janúar 2001 sem fyrsti Seiglubáturinn var sjósettur undir vörumerkinu Seigur og frá þeim tíma hefur fyrirtækið bara vaxið. Í dag starfa um 25 starfsmenn hjá Seiglu og margir sérhæfðir verktakar koma að smíði bátanna. Smíðaðir eru um 10 til 15 plastbátar á ári og fer fjöldinn nokkuð eftir stærð þeirra.

Frá afhendingu fyrsta bátsins hefur Seigla afhent nær 100 báta. Hjá Seiglu er hægt að smíða báta allt upp að 15 metrum og sérsmíðað bátsskrokka yfir 15 metra, en sérgrein Seiglu er þróun og sérsmíði.

Seigla hlaut nýsköpunarverðlaun á Nor-Fishing bátasýningunni árið 2008. Verðlaunin voru veitt fyrir hönnun og þróun á fellikjöl . Fellikjölur er dreginn upp á siglingu. Beitt hefur verið svokallaðri loftttæmiaðferð frá árinu 2003 og eru starfsmenn Seiglu sérfræðingar í henni í dag. Starfsmenn takast á við áskoranir og eru ekki hrædd við að prófa og beita nýrri tækni. Það hefur ekki síst skapað vinsældir bátanna frá fyrirtækinu.

Framhald af bls. 10.

Afli smábáta aldrei verið meiri

Afli smábáta á aflamarki, strandveiðibáta, krókaaflamarksbáta hefur aldrei verið meiri en á sl. fiskveiðiár, eða 88.260 tonn og voru 1.118 bátar á bakvið þann afla sem er 24% af öllum þorski hér við land, eða alls 53 þúsund tonn. Hlutdeild smábáta í heildarafla ýsu fer enn hækkandi, náði nú nýjum hæðum, eða 34% - 12.321 tonn og þar voru krókabátar með 32,7% og smábátar veiddu 52% af öllum steinbít. Aflahæstur í krókaaflamarkinu varð Fríða Dagmar ÍS-103 frá Bolungarvík með 1.416 tonn. Í flokki aflamarksbáta var Máni II ÁR-7 frá Eyrarbakka aflahæstur með 532 tonn. Aflahæstur á strandveiðum varð Hulda SF-197 frá Höfn með 43,3 tonn. Aflaverðmæti strandveiðibáta 2014 varð 2,4 milljarðar króna en heildaraflaverðmæti hjá smábátunum voru rúmir 24 milljarðar króna.

Endurskoðun laga um stjórn fiskveiða

„Endurskoðun laga um stjórn fiskveiða heldur áfram. Allir væntu frumvarpsins á síðasta þingi og biðu þolinmóðir. Engum grunaði að atvinnuveganefnd ákvað að vinna hluta verksins algjörlega í skjóli nætur, ekkert samráð haft. Afgreiddi breytingartillögur til þingsins við þinglok um leið og ljóst var að ekki var möguleiki á umræðum. Það er von mín að þessi vinnubrögð séu ekki ávísun á það sem koma skal. Það kom t.d. fyrirvaralaust að hluti línuívilnunarinnar var hrifsuð af okkur. Nú reynir á atvinnuveganefnd í því máli. Ætlar hún að kingja því eins og hverju öðru hundsbiti eða tekur hún á sig rögg og knýr fram breytingar sem gera smábátaútgerðinni betur kleift að ráða fram úr þeim erfiðleikum sem að henni steðjar. ” Áhersluatriðin segir Örn vera;

- Heildaraflaviðmiðun í strandveiðikerfi verði afnumin þannig að ekki komi til stöðvunar veiða, aðrar takmarkanir óbreyttar.
- Línuívilnun verði efld þannig að allir dagróðrabátar njóti hennar, hækkun prósentu í ýsu er óhjákvæmileg. Krafan er sanngjörn, útgerðir króka-aflamarksbáta er ekki aflögufær með að leggja út rúman milljarð í leigu gegnum handstýrðan markað.
- Makríl- og síldveiðar smábáta verði gefnar frjálsar.
- Byggðakvóti verði eingöngu nýttur af dagróðrabátum.
- Veittur verði ríflegur afsláttur af fyrstu 200 ígildunum á sérstöku veiðigjaldi og álagt veiðigjald á makríl og síld verði leiðrétt m.t.t. að ekki er vinnsla á bakvið veiðarnar.

Byggðakvóti verði eingöngu nýttur af dagróðrabátum

Sverrir Sveinsson á Siglufirði segir vera ánægður um störf aðalfundarins og þær samþykktir sem þar voru gerðar sem og ræður formanns LS og framkvæmdastjóra en var ekki jafn ánægður með ávarp sjávarútvegsráðsherra, Sigurðar Inga Jóhannssonar, sem hann segir að hafi alls ekki verið nógu afdráttarlaus í sínu ávarpi. „Ég hef verið fylgjandi því að við smábátasjómenn fengjum 3,6% af þeirri aukningi kvóta sem varð í þorski eins og rætt hafi verið um í atvinnuveganefnd Alþingis, en því miður klúðraðist það alveg. Í tíð Steingríms J. Sigfússonar sem sjávarútvegsráðherra hefði það verið 17%, en ekkert varð af því. ”

Sverrir Sveinsson kom frá Siglufirði.

Sverrir sat í allsherjarnefnd aðalfundarins en þar voru m.a. lagðar fram eftirfarandi tillögur frá Skalla, félagi smábátaeigenda á Norðurlandi vestra;

- Aðalfundur Skalla skorar á stjórnvöld að breyta fyrirkomulag byggðakvóta þannig að hann verði eingöngu nýttur af dagróðrabátum. Veiðiheimildum úthlutað til byggða laga eftir sama hætti og verið hefur. Þess skuli gætt að ekkert skip fái byggðakvóta sem hafi leigt meira frá sér heldur en það hefur tekið til sín miðað við síðasta fiskveiðiár.
- Skalli lýsir vonbrigðum yfir að ekki hafi verið tekið tillit til sjónarmiða LS við breytingar á lögum um veiðigjöld.
- Skalli skorar á atvinnuvega - og nýsköpunarráðherra að fella úr gildi reglugerð nr. 742/ 2009 um friðað hólf á Fljótagrunni.
- Skalli samþykkir að óska eftir að LS gangist fyrir því að gerð verði úttekt á því hvaða áhrif það hafi á útgerð smábáta á landinu, og þar á meðal hinar ýmsu smærri sjávarbyggðir, þær breytingar sem gerðar voru á stærðarmörkum smábáta í 30 tonn.

www.volundarhus.is

RÝMINGARSALA-
ÚTSALA Á GARÐHÚSUM

Stendur til 30.11.2014 · Allt á að seljast · Fyrstur kemur fyrstur fær

45 mm bjálki / Tvöföld nótun

VERÐTILBOÐ - GESTAHÚS 9,9 m²

Verð án fylgihluta
Tilb. kr. 359.900* - áður ~~449.900*~~
Verð með fylgihlutum
Tilb. kr. 459.900* - áður ~~549.900*~~
*Verönd fylgir ekki

Allt að 25% afsláttur líka af öðrum garðhúsum sem til eru á lager

34 mm bjálki / Tvöföld nótun

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Lækaðu völundarhús.is á Facebook

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt
volundarhus.is · Sími 864-2400

VH/14-05

34 mm bjálki / Tvöföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 4,7m²
kr. 159.900,- án fylgihl. - áður ~~189.900~~
kr. 189.900,- m/fylgihl. - áður ~~219.900~~

34 mm bjálki / Tvöföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 4,4m²
kr. 149.900,- án fylgihl. - áður ~~169.900~~
kr. 169.900,- m/fylgihl. - áður ~~199.900~~

34 mm bjálki / Tvöföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 9,7m²
kr. 259.900,- án fylgihl. - áður ~~359.900~~
kr. 299.900,- m/fylgihl. - áður ~~399.900~~

TILBOÐ - GARÐHÚS 6,0m²
kr. 239.900,- án fylgihl. - áður ~~299.900~~
kr. 269.900,- m/fylgihl. - áður ~~329.900~~

Slippurinn AKUREYRI

DNG

Öll almenn skipaþjónusta

- √ Stálsmíði
- √ Vélvirkjun
- √ Vinnslubúnaður
- √ Háþrýstiþvottur og málun
- √ Skrúfuviðgerðir
- √ Trésmíði

Slippurinn Akureyri ehf. • DNG • Naustatanga 2 • 600 Akureyri • sími: 460 2900 • Fax: 460 2901 • www.slipp.is • www.dng.is

LÖNDUN EHF.

Löndun ehf sér um skipaafgreiðslu í Reykjavík og Hafnarfjarðarhöfn. Fyrirtækið veitir vandaða og skjóta þjónustu. Býður einnig upp á nauðsynlegan tækjabúnað og úrval manna sem reiðubúnir eru með stuttum fyrirvara að landa úr skipum.

Fyrirhyggja, lipurð og samviskusemi einkenna þá þjónustu sem við veitum

Löndun ehf. - Kjalarvogi 21, 104 Reykjavík - Sími 552 9844 - Fax 562 9844 - londun@londun.is

Ástand uppsjávarfiskistofna í Norðaustur-Atlantshafi:

Ástand norsk-íslenskrar vorgotssíldar hefur farið minnkandi vegna lélegrar nýliðunar

Á fundi ráðgjafarnefndar Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) nýverið var fjallað um ástand nokkurra uppsjávarfiskistofna í Norðaustur-Atlantshafi og tillögur um nýtingu þeirra. Í júní sl. kynnti ráðið tillögur um flesta þá nytjastofna sem Íslendingar stunda veiðar úr, en þó eru þrír stofnar sem veitt er ráðgjöf um nýtingu nú og Íslendingar stunda umtalsverðar veiðar á, þ. e. norsk-íslensk vorgotssíld, kolmunni og makríll. Þar sem veiðar úr þessum stofnum eru fjölþjóðlegar hefur Hafrannsóknastofnunin komið að mati á stærð og veiðiþoli þeirra með virkri þátttöku í vinnunefndum og ráðgjafarnefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins og stofnunin þannig komið að mótun þessarar ráðgjafar.

Norsk-íslensk vorgotssíld

Árgangarnir frá 1998, 1999 og 2002-2004 voru allir stórir, sem leiddi til þess að hrygningarstofninn fór vaxandi frá árinu 2003 og náði hámarki árið 2009,

Norsk-íslensk vorgotssíld.

en hefur farið minnkandi síðan vegna lélegrar nýliðunar. Samkvæmt nýjasta mati er hrygningarstofninn árið 2014 rétt rúmar 4 milljónir tonna, sem er undir varúðarmörkum (Bpa=5 milljón tonn). Þetta mat er í góðu samræmi við úttekt síðasta árs. Árgangar 2005-2012 eru allir metnir litlir og því fyrirséð að afli og hrygningarstofn munu halda áfram að minnka á næstu árum. Talið er að hrygningarstofninn árið 2015 verði um 3,5 milljónir tonna og að hann fari enn minnkandi og verði um 3,2 milljónir tonna árið 2016 ef afli árið 2015 verður samkvæmt aflareglu. Aflamark árið 2014 var 419 þúsund tonn skv. ráðgjöf ICES, en ekki náðist samstaða strandríkja um skiptingu aflaheimilda árið 2014 og er gert ráð fyrir að aflinn verði 437 þúsund tonn, þ. a. Ísland 60 þúsund tonn. Samkvæmt aflareglu, verður aflamark árið 2015 um 283 þúsund tonn.

Kolmunni

Á árunum 1996-2004 var mjög góð nýliðun í kolmunnastofninn, sem stækkaði verulega í kjölfarið. Hrygningarstofninn stækkaði í um 7 milljónir tonna á árunum 2003 og 2004, en fór síðan minnkandi til ársins 2010 vegna lélegrar nýliðunar. Árgangar 2005 til 2008 eru allir metnir nálægt sögulegu lágmarki, en árgangar 2009 til 2013 eru metnir vera um og yfir langtíma meðaltali. Mjög lítill afli árið 2011 og góð nýliðun undanfarin ár hefur orðið til þess að stofn og afli hafa farið vaxandi. Samkvæmt nýjasta mati er hrygningarstofninn talinn vera um 5,5 milljónir tonna árið 2014, sem er töluvert lægra en spá um stærð hans frá úttekt síðasta árs. Gert er ráð fyrir að hrygningarstofninn verði um 5,9 milljónir tonna árið 2016 ef afli árið 2015 verður samkvæmt aflareglu. Strandríkin settu sér 1,2 milljón tonna aflamark árið 2014, en ráðgjöf ICES var 949 þúsund tonn samkvæmt aflareglu. Aflamark árið 2015, samkvæmt aflareglu, verður um 840 þúsund tonn.

Makríll

Alþjóðahafrannsóknaráðið hefur að öllu jöfnu veitt ráðgjöf um afla makríls samkvæmt aflareglu þar sem aflamarkið ákvarðast af niðurstöðum stofnmatslíkans. Haustið 2013 var hins vegar ekki stuðst við niðurstöður stofnmatslíkans vegna óáreiðanleika þess og ráðlagt heildaraflamark fyrir 2014 ákvarðað út frá meðalheildarafla síðustu þriggja ára á undan, eða 890 þúsund tonn. Nýtt stofnmatslíkan hefur nú verið tekið í notkun fyrir makríl sem er afrakstur þróunarvinnu og prófana síðast liðinn vetur innan Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Margþættari gögn eru notuð í þessu líkani en áður. Þetta endurbætta líkan var notað til grundvallar að stofnmati og ráðleggingum um aflamark fyrir 2015. Í maí 2014 endurskoðaði Alþjóðahafrannsóknaráðið ráðgjöf um aflamark fyrir 2014 byggt á þessu nýja líkani og hækkaði það í rúm 1,0 milljón tonn. Hins vegar er áætlaður heildarafli 2014 um 1,4 milljón tonna. Þar af er afli Íslendinga áætlaður 154 þúsund tonn. Hrygningarstofninn er metinn vera 4,6 milljón tonna árið 2014. Að teknu tilliti til heildarafla 2014 verður hrygningarstofninn 4,4 milljón tonna árið 2015 og aflamark 2015 samkvæmt samþykktri aflareglu 906 þúsund tonn. Ekki hefur enn náðst samkomulag milli þeirra þjóða sem stunda veiðar úr stofninum um skiptingu aflamarks.

Loðnuleiðangur Hafrannsóknastofnunarinnar:

Leggur til 260 þúsund tonna aflamark

Í októbermánuði sl. fóru fram mælingar á stærð veiðistofns loðnu og magn ungloðnu. Rannsóknasvæðið náði frá landgrunninu við Austur-Grænland í vestri frá um 73°30'N og suður með landgrunnskantinum að 65° 24'N, en auk þess til Grænlandssunds og Norðurmiða, allt austur að Sléttu. Loðna fannst mjög víða í köntum og á landgrunni við Austur Grænland, í Grænlandssundi og að landgrunnsbrún norðan Íslands. Enda þótt loðna fyndist víða voru lóðningar yfirleitt fremur gisnar. Eins árs loðna fannst á svæði við Grænland (sunnan 69°N) og í Grænlandssundi austur undir Kögur. Alls mældust um 57 milljarðar af ársgamalli ókynþroska loðnu sem er litlu lægra en mældist haustið 2013 þegar vísitalan var 60 milljarðar. Alþjóðahafrannsóknaráðið (ICES) mun gera tillögu um upphafs aflamark í maí nk. fyrir vertíðina 2015/2016, byggt á þessari mælingu á ungloðnu ásamt upplýsingum sem fást úr aflasýnum á vertíðinni 2014/2015. Eldri loðna hélt sig einkum á norðurhluta rannsóknasvæðisins við Austur Grænland og mældust rúm 660 þúsund tonn af kynþroska loðnu (rúmir 35 milljarðar fiska), sem gert er ráð fyrir að hrygni á komandi vertíð. Þar af var fjöldi tveggja ára loðnu um 26,5 milljarðar, sem samsvarar um 487 þúsund tonnum og fjöldi þriggja ára loðnu um 7,6 milljarðar eða um 161 þúsund tonn. Því er um 21,6% hrygningarstofnsins í fjölda samkvæmt mælingunni þriggja ára loðna, en það hlutfall er með því hæsta sem mælst hefur seinasta áratug. Stærð og meðalþyngd loðnunnar var nálægt langtíma meðaltali.

Miðað við þessar mælingar og forsendur um náttúruleg afföll og vöxt fram að hrygningu má gera ráð fyrir að hrygningarstofninn verði um 660

Loðnuveiðar eru mikilvægar fyrir mörg útgerðarfyrirtæki og um leið fyrir þjóðarbúið.

þúsund tonn á hrygningartíma verði ekkert veitt. Samkvæmt aflareglu er gert ráð fyrir að skilja eftir 400 þúsund tonn til hrygningar.

Hafrannsóknastofnun leggur því til að heildaraflamark á vertíðinni 2014/2015 verði 260 þúsund tonn, að meðtöldum þeim afla sem þegar hefur verið landað á vertíðinni.

Bleikur dagur en enginn blár

Október er mánuður Bleiku slaufunnar, árveknis- og fjáröflunarátaks Krabbameinsfélags Íslands gegn krabbameinum hjá konum. Af því tilefni voru landsmenn beðnir að klæðast einhverju bleiku fimmtudaginn 16. október sl. eða hafa bleikan lit í fyrirrúmi þann dag. Bleiki dagurinn hefur notið mikilla vinsælda síðustu ár - ekki síst á vinnustöðum þar sem fólk bregður á leik og heldur t.a.m. keppni um skemmtilegasta klæðaburðinn, tekur upp myndbönd o. fl. Við hvetjum fólk því til að njóta saman dagsins og vekja um leið athygli á árveknisátakinu. Blái dagurinn er ekki sérstakur dagur vegna krabbameins í körlum því það nafn er frátekið í tilefni af alþjóðlegum degi einhverfunnar. Um heim allan er fólk hvatt til að klæðast bláum fötum þennan dag til að vekja athygli á málefninu.

Á hverju ári greinast um 200 karlmenn með blöðruhálskrabbamein, og um 50 deyja árlega af völdum þessa vágetsts. 2 konur deyja úr leghálskrabbameini á ári og um 40 vegna brjóstakrabbameins en um 32.000 þús-

Baráttan gegn blöðruhálskrabbameini stendur raunar allt árið með sölu á Bláa naglanum.

und konur fara árlega í krabbameinsskoðun.

Í ljósi þessara upplýsinga vekur það vissa undrun að Krabbameinsfélagið skuli leggja svona miklu meiri áherslu á baráttuna gegn krabbameini í konum en körlum. Kannski er það körlum sjálfum að kenna, þeir eru ekki nægjanlega virkir að vekja athygli að blöðuhálskrabbameini eða fara í skoðun, en íslenskir karlakórar hafa þó lagt málinu lið með stuðningi við Bláa naglann. En betur má ef duga skal.

wise
- snjallar lausnir

hvert er þitt hlutverk?

Gæðastjórinn:

„Hlutverk mitt er að tryggja gæði og rekjanleika vörunnar."

Wise býður lausnir í sjávarútvegi sem spanna alla virðiskeðjuna.

Wise sérhæfir sig í Microsoft Dynamics NAV viðskiptalausnum.

Microsoft Partner
2014 Partner of the Year Winner
Iceland

Microsoft Dynamics™ NAV

Microsoft Partner
Gold Enterprise Resource Planning
Silver Independent Software Vendor (ISV)

wise | Borgartún 26, Reykjavík » Hafnarstræti 93-95, Akureyri » sími: 545 3200 » wise@wise.is » www.wise.is

545 3200 | wise.is | sala@wise.is

HRESSING
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA ÖLGERÐARINNAR

Eldsneyti í vinnunni

Hressing býður upp á fjölbreytt úrval af kaffi- og vatnsvélum, kæliskápum, safa- og djúsvélum og sjálfsölum fyrir vinnustaði.

Kíktu á **hressing.is** eða hafðu samband við okkur í síma **412 8100**.

KAFFI-VÉLAR | VATNS-VÉLAR | SAFA- & DJÚSVÉLAR | KÆLI-SKÁPAR | SJÁLF-SALAR

ÖLGERÐIN | **HRESSING**
S: 412 8100
WWW.HRESSING.IS

PIAZZA D'ORO | illy | goodorigin | Café Noir | MERRILD

FOSSBERG EHF VÉLAVERSLUN

FOSSBERG

IÐNAÐARVÖRUR OG VERKFÆRI

Í þjónustu við sjávarútveginn síðan 1927

20,32% AFSLÁTTUR AF TEMPUR OG PLATINIUM STILLANLEGUM RÚMUM

TAX FREE DAGAR

AÐEINS Í NOKKRA DAGA

EKKI MISSA AF ÞESSU

Betra BAK

Leggur grunn að góðum degi

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477 • Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100 og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566 betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25.5% virðisaukaskatt af söluverði. 20,32% afslátturinn er alfarið á kostnað Betra Bak.